

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með skv. Vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 10. maí 1980, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 231/1980.

Iðnaðarráðuneytið, 4. júlí 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Siglufjarðar.

I. RAFORKA.

1. Lýsing.

1.1 Orka til almennrar lýsingar kr. 95.45 á kWst.

2. Heimilisnotkun.

2.1 Orka til almennrar heimilisnotkunar svo og sjúkrahúsa, vistheimila, hótela og hliðstæðra stofnana kr. 43.00 á kWst.

3. Vélanotkun.

3.1 Orka til véla og mannvirkjagerðar kr. 95.45 á kWst.

3.2 Orka samkv. 15 mínútna meðalafismælingu, lágmark 20 kW — 15.35 á kWst.
Aflgjald með lýsingu — 63 434.00 kw á ári

3.3 Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa og kaupandinn skuldbindur sig til að kaupa 20 000 kWst. á ári hið minnsta, má selja orkuna um kWst.-mæli þannig:
Fyrir fyrstu 20 000 kWst. ársnotkun kr. 49.28 hverja kWst.
Fyrir næstu 80 000 kWst. ársnotkun — 32.79 hverja kWst.
Fyrir umfr. 100 000 kWst. ársnotkun — 30.13 hverja kWst.

4. Hitun.

4.1 Orka til húshitunar, roftími 2x1.5 klst. á dag .. kr. 15.37 á kWst.

4.2 Orka til hitunar í iðnaði roftími 2x1.5 klst. á dag — 21.67 á kWst.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til upphitunar:

- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- Að tæki, lagnir og búnaður í sambandi við rafmagnsupphitunina séu samkv. fyrir-mælum rafveitunnar.
- Að hús, sem fá leyfi fyrir rafmagnsupphitun, fullnægi lágmarkskröfum, sem rafveitan setur um einangrun.

II. HEIMTAUGAGJÖLD.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við veituna, skal greiða heimtaugargjald sem miðast við flutningsgetu raftaugar þeirrar sem að húsinu liggur, svo sem hér segir:

	Heimtaugagjald kr.	Yfirlengdargjald kr./m
63 A 1-fasa	180 800	10 540
63 A 3-fasa	195 103	10 540
100 A 3-fasa	243 800	11 820
125 A 3-fasa	300 800	13 290
200 A 3-fasa	380 100	18 040
300 A 3-fasa	685 000	21 210

Yfirlengd greiðist þegar lengd heimtaugar fer fram úr 15 m.

Lengd jarðstrengs mælist frá lóðarmörkum húss. Ef heimtaugin krefst óvenjumikils kostnaðar að dómi rafveitustjórnar, svo sem nýrrar spennistöðvar, nýrra aflstrengja eða annars búnaðar, verða gjöldin ákveðin af rafveitustjórn í hverju tilviki. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsi, greiðir húseigandi allan kostnað við síðari heimtaugina samkv. reikningi. Þau hús sem áður hafa greitt heimtaugagjöld, greiði aðeins hálf heimtaugargjald, ef loftlínu er breytt í jarðstreng.

Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga þegar uppsetningu er lokið og áður en straumur er settur á heimtaugina.

III. OPNUNARGJALD.

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari ekki verið greitt svo að til lokunar veitu hafi komið skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 2 000.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduroppnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 2 000.00 gjald á skrifstofu Rafveitunnar.

IV. SÖLUSKATTUR.

Söluskattur 23.5% og verðjöfnunargjald 19%, samtals 42.5% eru talin í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar nema gjaldalið 4, sem er sala raforku til upphitunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að taka gildi 10. maí 1980, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 231/1980 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 164, 7. mars 1980.

Iðnaðarráðuneytið, 4. júlí 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.